



Viðmiðunarreglur varðandi snjómokstur í Hvalfjarðarsveit

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi í sveitarfélaginu.

Snjómokstri og hálkueyðingu utan þéttbýlis er stjórnað af tveimur aðilum; Hvalfjarðarsveit og Vegagerðinni. Verktakar sem sinna snjómokstri skulu jafnframt geta sinnt hálkueyðingu sé þess óskað af verkkaupa.

Utan þéttbýlis

Mokstur daglega - Vegagerðin

- Þjóðveg nr. 1
- Hvalfjarðarvegur nr. 47
- Akrafjallsvegur nr. 51
Frá hringtorgi við Hvalfjarðargöng að hringvegi við Urriðaá
- Innnesvegur nr. 503
Frá Leynisbraut á Akranesi að Akrafjallsvegi nr. 51 við Reyn
- Grundartangavegur nr. 506

Mokstur tvisvar í viku, sunnudaga og föstudaga - Vegagerðin

- Dragavegur nr. 520
Frá Hvalfjarðarsveitarvegi nr. 47 að Geitabergi eða Grafardalsvegi ef þarf

Eftirtaldir innansveitarvegir eru mokaðir í samstarfi við Vegagerðina

Mokstur/hálkueyðing þrisvar í viku:

- Innra Hólmsvegur nr. 501
Frá Innnesvegi við Miðgarð að Innra Hólmi
- Hagamelsvegur nr. 5033
Frá Þjóðvegi nr. 1 að Lækjarmel
- Melasveitarvegur nr. 505
- Leirársveitarvegur nr. 504
- Svínadalsvegur nr. 502
Frá Hvalfjarðarsveitarvegi að Dragavegi
- Hlíðarbæjarvegur nr. 5014
Frá Hvalfjarðarvegi nr. 47 að íbúagötu
- Litlabotsvegur nr. 5001
Frá Hvalfjarðarvegi nr. 47 að bílastæði

Þessir vegir eru skilgreindir þannig að heimilt er að beita helmingamokstursreglu og skiptist kostnaður því til helminga á Vegagerð og Hvalfjarðarsveit.

Verktakar Hvalfjarðarsveitar og Vegagerðar annast mokstur og hálkueyðingu á þessum vegum skv. nánara samkomulagi.

Akstursleiðir skólabíla

Hvalfjarðarsveit greiðir fyrir snjómokstur og hálkueyðingu á akstursleiðum skólabíla skv. akstursplani þeirra. Verktakar sem annast snjómokstur á innansveitarvegum skulu jafnframt annast snjómokstur og hálkueyðingu á akstursleiðum skólabíla.

Héraðsvegir/tengivegir

Allt að fjórum sinnum á almanaksári greiðir Hvalfjarðarsveit fyrir snjómokstur að heimreiðum íbúðarhúsa í dreifbýli þar sem föst búseta er. Aðeins er um að ræða mokstur/hreinsun þannig að fært sé að bílaplani við íbúðarhús. Ekki er um að ræða mokstur á plönnum eða stéttum við útihús.

Verktakar sem annast snjómokstur á viðkomandi svæði skulu einnig annast snjómokstur á heimreiðum innan þess svæðis og skal snjómokstur á heimreiðum aðeins fara fram á þeim dögum sem vegir eru mokaðir. Mokstur á tengivegum og héraðsvegum skal njóta forgangs umfram mokstur á heimreiðum. Ábúendur skulu panta mokstur á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar með 1 sólarhrings fyrirvara þannig að hægt sé að samræma vinnu verktaka. Sé slíkt ekki gert er ekki hægt að tryggja snjómokstur eins og óskað er eftir.

Íbúar eldri en 67 ára og örorkulífeyrisþegar (m.v. 75% örorku skv. skírteini útgefna af Tryggingastofnun) geta leitað til sveitarfélagsins um mokstur á heimreiðum umfram fjögur skipti. Fyrir slíka þjónustu greiða eldri borgarar og örorkulífeyrisþegar 50% af taxta viðkomandi verktaka.

Þéttbýli/Annað

Hvalfjarðarsveit sér um snjómokstur/hálkueyðingu í þéttbýli sem skilgreint er sem slíkt í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, sem er Melahverfi og Krosslandshverfið. Að auki sér Hvalfjarðarsveit um mokstur/hálkueyðingu á götum sem sveitarfélagið er eigandi/leigjandi að, sem er Hlíðarbær og Skólastígur. Sveitarfélagið sér einnig um snjómokstur/hálkueyðingu við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins sem og við íþróttahús (Heiðarborg) og stjórnarsýsluhús.

Almennt

Hvalfjarðarsveit greiðir fyrir og skipuleggur mokstur/hálkueyðingu að stofnunum sveitarfélagsins, aðrar opinberar stofnanir geta óskað eftir mokstri/hálkueyðingu eftir því sem þörf er á, slík tilvik eru metin af verkefnastjóra framkvæmda og eigna Hvalfjarðarsveitar hverju sinni. Hvalfjarðarsveit greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs/hálkueyðingar sem til hefur verið stofnað án hennar samþykkis, að undanskildu ef beiðni um mokstur/hálkueyðingu kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningamönnum vegna neyðarflutninga, skal þá strax sinna því strax.

Tengiliðir eru yfirverkstjóri Vegagerðarinnar í Borgarnesi og verkefnastjóri framkvæmda og eigna Hvalfjarðarsveitar.

Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og ber að líta á þær sem slíkar.

Samþykkt á fundi Mannvirkja- og framkvæmdarnefndar 05.05.2022

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 10.05.2022